



## Erindisbréf stýrihóps um mótun stefnu í málefnum eldra fólks til ársins 2026 -Uppfært-

### Ábyrgðarmaður:

Sviðsstjóri velferðarsviðs.

### Inngangur:

Árið 2018 var gefin út stefna Reykjavíkurborgar í málefnum eldra fólks til ársins 2022. Þar sem núverandi stefna rennur rennur út í árslok þá er komið að því að skipa stýrihóp til að gera drög að nýrri stefnu í málaflokknum. Stefnuna skal vinna í samræmi við samstarfssáttmála meirihlutans 2022-2026 en þar kemur fram að leggja eigi áherslu á sjálfstætt líf og valdeflingu í mótun stefnunnar. Stefnan skal enduspegla og hafa samhljóm við áherslur í öðrum stefnum Reykjavíkurborgar er lúta að velferð borgarbúa, þ.m.t. Velferðarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030.

### Hlutverk og helstu verkefni:

Hlutverk stýrihópsins er að gera tillögu að heildstæðri stefnu í málefnum eldra fólks til ársins 2026 til þess að skapa aðstæður í borginni sem bæta félagslega, andlega og líkamlega heilsu eldra fólks. Markmiðið er að styðja við nýsköpun, virkni og heilbrigði þannig að eldra fólk geti búið heima jafnframt því sem umönnun þess sé tryggð þegar hennar er þörf. Stefnan er unnin í samráði við eldra fólk.

### Stýrihópin skipa:

Heiða Björg Hilmisdóttir, fulltrúi meirihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar, formaður.  
Unnur Þöll Benediktsdóttir, fulltrúi meirihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar.  
Helga Þórðardóttir, fulltrúi minnihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar.  
Sara Björg Sigurðardóttir, formaður öldungaráðs Reykjavíkur.  
Ingibjörg H. Sverrisdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.  
Anna Sigrún Baldursdóttir, skrifstofustjóri, skrifstofu málefna eldra fólks.

### Verkefnastjóri starfshópsins:

Þórhildur Guðrún Egilsdóttir, deildarstjóri, skrifstofu málefna eldra fólks.

### Til ráðgjafar og samstarfs:

Hagsmunasamtök og notendur þjónustu.  
Lykilstjórnendur og sérfræðingar velferðarsviðs í málaflokknum.  
Aðrir innan og utan borgarkerfisins og hafa sérþekkingu á viðfangsefninu.



Reykjavíkurborg

**Starfstími:**

Hópurinn starfi frá 1. nóvember 2022 og skili tillögu að stefnu í málefnum eldra fólks til velferðarráðs fyrir lok apríl 2024. Formaður hópsins ber ábyrgð á að kalla hópinn saman, að ritaðar séu fundargerðir og að lögð sé fram tillaga að stefnu.

Reykjavík, 17. október 2023

Rannveig Einarsdóttir,  
sviðsstjóri